

Ef.

566. Breytingartillögur

við frv. til laga um útsvör.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

1. Við 8. gr. Á eftir b-lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Ef hann rekur atvinnu í fleiri sveitum en einni ekki skemur en 8 vikur. Svo og ef rekin hefir verið verslun, hvalveiði, fiskkaup, fiskafurðakaup, útvegur, sildarkaup, sildarsala, sildarverkun, sildarbræðsla eða annar atvinnurekstur, verksmiðjuíðnaður hverskonar sem hann er, enda þótt skemur sje rekið.
2. Við 9. gr. Liðirnir a. og c. falli niður.
3. Við 9. gr. 2. lið. Í stað »3000 kr.« komi: 1000 kr.
4. Við 9. gr. 3. lið. Í stað »5000 kr.« komi: 1200 kr.